

Listasafn Reykjavíkur

# Ársskýrsla 2023



---

# Listasafn Reykjavíkur

## Ársskýrsla 2023

**Listasafn Reykjavíkur er lifandi og fram-  
sækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst  
til að kynna fjölbreytileika myndlistar  
í nútíð og fortíð. Öflug miðlun og góð  
þjónusta er þar áhugavekjandi umgjörð  
sköpunarverka listamanna.**

Hlutverk safnsins er að varðveita listaverkageign Reykjavíkurborgar sem samanstendur af listaverkum sem endurspeglar einkum strauma og stefnur í íslenskri myndlist frá síðari hluta 20. aldar. Í safneigninni eru sérsöfn listaverka eftir Jóhannes S. Kjarval, Ásmund Sveinsson og Erró en safnið hefur einnig umsjón með listaverkum á almannafæri í eigu Reykjavíkurborgar. Jafnframt því að varðveita og miðla safneigninni er það hlutverk safnsins að stunda rannsóknir og sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, með sýningahaldi, útgáfum, fyrirlestrum, leiðsögnum eða með öðrum hætti. Listasafn Reykjavíkur stuðlar þannig að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem hæst ber í myndlist hverju sinni.

Listasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt samþykktum borgarráðs frá 2013, lögum um starfsemi safna, myndlistarlögum og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Sýningarstaðir Listasafns Reykjavíkur eru Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn auk þess sem listaverk safnsins eru aðgengileg í borgarlandinu og á þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á fjóra lykilþætti í starfsemi safnsins, það eru öflug miðlun og markaðsstarf, góð þjónusta og faglegt starfsumhverfi. Þessum áhersluatriðum er ætlað að stuðla að áhrifamikilli upplifun gesta af sköpunarverkum listamanna um leið og rannsóknir og sýningar miða að skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu.

---

Í þessari ársskýrslu er farið yfir árangursríkt starf ársins 2023 þegar því var fagnað að 50 ár voru liðin frá því Kjarvalsstaðir voru opnaðir. Þá eignaðist listaverkæign Reykjavíkur sinn fyrsta samastað og grunnur var lagður að þróun þess faglega safnastarfs sem nú er rekið undir merkjum Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni og Hafnarhúsi. Á árinu var líka fagnað 40 ára starfsemi í Ásmundarsafni, en það var formlega opnað almenningi árið 1983

Afmælisárið var nýtt til að beina athygli að safneigninni, þeim menningarverðmætum sem Listasafn Reykjavíkur varðveitir og eru ekki alltaf sýnileg. Markmiðið var að auka almenna vitund um safneignina og standa fyrir vitundarvakningu um gildi myndlistar almennt.

Unnið var að því að flétta saman ólíkum þáttum safnastarfs til að skapa menningarupplifun þar sem njóta má fræðslu, afþreyingar, þjónustu og þekkingarsköpunar sem nýtist fjölbreyttum hópi fólks í samfélaginu. Safnkosturinn var nýttur sem undirstaða rannsókna sem skiluðu sér einkum í fjölsóttum sýningum. Sýningarnar vörpuðu ljósi á myndlistarsögu landsins og á myndlist sem mikilvægan valkost jafnt til afþreyingar og fræðslu og sem verkfæri til félagslegra úrbóta og gagnrýni.

Sýningar afmælisársins á verkum úr safnkostinum voru kynntar undir yfirskriftinni **Kviksjá**. Í gegnum kviksjá má upplifa fegurð byggða á brotakenndum samsetningum sem mynda heildarupplifun úr ólíkum einingum. Þannig var safnkostur Listasafns Reykjavíkur settur fram með það að markmiði að kalla fram sýn á ólíka tíma, oft brotakennda, sem þó veitti innsýn í sköpunarverk listamanna og íslenska menningarsögu. Á Kjarvalsstöðum var 50 árum fagnað með Kviksjá 20. aldar, í Hafnarhúsi var brugðið upp Kviksjá

---

21. aldar og Kvíksjá alþjóðlegrar myndlistar í safneign Listasafns Reykjavíkur. Á þessum sýningum voru sýnd 899 listaverk úr safneign frá upphafi 20. aldar og til 2023.

Með aðgengi og inngildingu að leiðarljósi voru farnar nýstárlegar leiðir við val verka á úr safneign á sýninguna **Myndlistin okkar**. Í gegnum stafræna miðla var almenningur hvattur til að velja verk á sýningu á Kjarvalsstöðum sem opnuð var á Menningarnótt. Unnið var í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Betri Reykjavík sem hafði yfir að ráða kosningakerfi sem bauð upp á aðgang að safneignarsíðu safnsins. Hægt var að skoða stóran hluta safneignarinnar og kjósa verk á sýninguna. Sýningarstjórn og verkaval var þannig ekki í höndum safnsins og fjöldi verka réðist af plássi í salnum. Alls voru 26.192 atkvæði greidd, 2.396 listaverk fengu að minnsta kosti eitt atkvæði. Meginmarkmið þessa verkefnis var að efla vitund fólks um þann menningaraf sem safnið varðveitir og fá fólk til að skoða safneignina á netinu, taka afstöðu til verkanna og velja verk til sýningar útfrá eigin forsendum. Á meðan á sýningunni stóð voru unnar fimm smærri sýningar undir yfirskriftinni **Myndlistin þeirra** en þá var samstarfsaðilum safnsins og fastagestum boðið að velja verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur og setja upp sýningu eftir eigin höfði. Þau sem völdu voru nemendur úr Víkurskóla, Hlutverkasetur, starfsfólk veitingasölu á Kjarvalsstöðum, starfsfólk límstafagerðar sem annast merkingar á sýningum og Íslenski dansflokkurinn sem nýtti sýningarrýmið líka til eigin sköpunar.

**Myndlistin okkar** voru einnig 18 **sjónvarpsþættir unnir í samstarfi við RÚV**. Fjölbreyttur hópur fólks var fenginn til að velja sér verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur og nýta þau til að fjalla um gildi myndlistar í eigin lífi. Markmið þáttanna var að fræða um listaverk í safneigninni en ekki síður að sýna fram á ólík tengsl fólks við listaverk og margháttaða upplifun sem ekki byggði á sérfræðipækkingu á myndlist.

---

Á árinu voru grunnstoðir safnastarfs þandar með þátttöku almennings að leiðarljósi. Sýningar voru unnar með aðkomu fjölmargra og leitað leiða til að gefa fjölbreyttum hópi tækifæri til að túlka og miðla. Myndlistamaðurinn Hildigunnur Birgisdóttir skapaði **Safnverur** en þær eru afrakstur rýni hennar á upplýsingar og tölfræði í skráningu á safneign Listasafns Reykjavíkur. *Safnverurnar* draga fram óvænt sjónarhorn og vekja til lífs tölfræði og upplýsingar með listrænum hætti og eiga sér tilvist á samfélagsmiðlum. Til þess að leggja enn frekari áherslu á safnkost Listasafns Reykjavíkur var árleg ráðstefna um safnfræðileg viðfangsefni listasafna, sem haldin er í samstarfi við Rannsóknasetur í safnafræðum, helguð því að skoða sögu, þróun og uppbyggingu safneigna íslenskra listasafna undir yfirskriftinni **Gleymt dót sem tekur pláss**.

Sérsýningar afmælisársins og allir viðburðir tengdir þeim voru vel sóttir og skiluðu almennt góðri umfjöllun. Safneign Listasafns Reykjavíkur er fjölbreytt en þar eru meðal annars þjóðargersemar sem sjaldan eru sýndar og er hér jafnt vísað til eldri listaverka sem verka eftir núlifandi listamenn. Í ljósi þess að áhersla var lögð á að sýna og afhjúpa fjölbreytileika safneignarinnar er eftirtektarvert að á árinu voru sýnd 899 listaverk úr safneigninni og gafst almenningi þannig fágætt tækifæri til að kynnast íslenskri myndlistararfleifð.

Afmæli Ásmundarsafns var fagnað með því að líta til baka og horfa til upphafsára listamannsferils Ásmundar þegar hann stundaði nám í Stokkhólmi hjá lærimeistara sínum Carl Milles sem er einn af þekktustu myndhöggvurum Svía á fyrri hluta 20. aldar. Sýningin *Mentor* dró fram tengsl listamannanna og birti áhugaverða sýn á þróun höggmyndalistar á Norðurlöndunum á 20. öld. Sýningin var sett upp í samstarfi við safn tileinkað minningu Carl Milles, Millesgården í Stokkhólmi.

---

# Sýningar

**Auk viðamikilla sýninga úr safneign voru settar upp fjölbreyttar sýningar í öllum safnhúsum og safnið stóð fyrir umfangsmiklum sýningum erlendis. Þar ber helst að nefna nýjung í starfi safnsins sem er afrakstur tímabundinnar rannsóknarstöðu við safnið sem nýtur þriggja ára Öndvegistryrkjar Safnaráðs. Rannsóknarstaðan var sett á laggirnar til að skoða stöðu kvenna í samhengi íslenskrar listasögu.**

Um er að ræða samkeppnisstyrk sem auglýstur er árlega í þrjú ár. Fyrsta rannsóknin fjallaði um feril Hildar Hákonardóttur og var það Sigrún Inga Hrólfsdóttir sem vann að henni og stýrði uppsetningu sýningar á Kjarvalsstöðum undir yfirskriftinni *Rauður þráður* og útgáfu bókar með sama titli. Verkefnið var árangursríkt þegar litið er til listferils og áhrifa Hildar sem listamanns en einnig þegar horft er til almennrar vitundar um framlag hennar til íslenskrar menningar og stöðu hennar í listasögunni. Sýningin hlaut viðurkenningu Myndlistarráðs sem besta yfirlitssýning ársins 2023. Á árinu 2023 gegndi Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir rannsóknarstöðunni og verður verkefni hennar kynnt snemma árs 2024.

Á árinu var sjöunda yfirlitssýningin í röð sýninga á Kjarvalstöðum, þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi bæði með sýningu og útgáfu. Hvert og eitt þeirra er valið með tilliti til einstaks framlags þeirra ýmist hvað viðvíkur miðlum, aðferðum eða viðfangsefnum. Á árinu 2023 var glæsilegur ferill Heklu Daggar Jónsdóttur kynntur á sýningunni *0°0° Núlleyja*.

---

Sýningar tengdar einstaklingssöfnunum í safneigninni voru sem fyrr í öllum safnhúsum. Vinnuaðferðum Errós voru gerð skil á sýningunni *Skörp skæri* sem hverfðist um klippimyndir sem bættustu í safneignina árið 2022. List Kjarvals var sett í samhengi samferðamanna hans á safneignarsýningum, einkum á sýningunni *Kjarval og 20. öldin: þegar nútíminn lagði að*. Í Ásmundarsafni voru þjóðsögur og sagnaarfur í verkum listamannsins í samtali við sama þema í verkum myndlistarkonunnar Siguu Bjargar Sigurðardóttur á sýningunni *Andardráttur á glugga*.

D-salur hefur unnið sér sess sem vettvangur listamanna sem eru að stíga sín fyrstu skref innan safnaumhverfis. Á árinu voru fjórar ólíkar sýningar í D-sal þar sem greina mátti fjölbreyttar áherslur og viðfangsefni listamanna framtíðarinnar.

Til alþjóðlegra samstarfsverkefna má telja tvær sýningar. Sýninguna *Norður og niður* sem lauk í Hafnarhúsi í febrúar. Verkefnið hófst árið 2019 og felur í sér sýningu, útgáfu og veglega dagskrá. Það var unnið í samstarfi við Portland Museum of Art í Maine, Bandaríkjunum og Bildmuseet í Umeå, Svíþjóð en þar lauk henni á haustdögum. Errósýningin *Sprengikraftur mynda* sem var í Hafnarhúsi 2022 var opnuð í ARos í Árósum í maí 2023 og hlaut mjög góðar viðtökur. Í undirbúningi eru sýningar á verkum úr Erró-safni á árinu 2024, bæði í Frakklandi og Svartfjallalandi.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun Listastafns Reykjavíkur fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir þremur sýningum í Ásmundarsafni og nefndar tvær mikilvægar alþjóðlegar sýningar; pólsk samtímalist í Hafnarhúsi og verk umdeildrar listakonu, Dorothy Iannone sem hefur ríkar tengingar við Reykjavík. Gerðar voru kröfur um hagræðingu í starfsemi safnsins umfram þá hagræðingu sem lögð var fram í starfsáætlun og voru því þrjár sýningar teknar af dagskrá. Ein af þremur í Ásmundarsafni og þær tvær sem eru nefndar hér á undan. Þess má geta að Dorothy Iannone féll frá í desember 2022.

---

## Miðlun og viðburðir

Í öllu miðlunar- og markaðsstarfi er inngilding höfð að leiðarljósi, bæði almennt og í verkefnum sem lúta að því að sérhópar sem síður hafa sótt safnið heim njóti aðgengis í gegnum miðlunarverkefni á borð við *Listin talar tungum*, *Tökum höndum saman* og *Abrakadabra*. Í safninu er tekið á móti skólahópum af öllum skólastigum og var aðsókn skólahópa á árinu með ágætum. Yfirlitssýningarnar undir heitinu *Kviksjá* voru einstakt tækifæri til að kynna íslenska listasögu fyrir nemendum en jafnframt voru fastir liðir eins og Ásmundur fyrir 4. bekk, Kjarval fyrir 6. bekk og Erró fyrir unglíngastigið vel sóttir. Viðburðadagskrá var fjölbreytt og áhersla lögð á samstarf um verkefni eins og Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, Safnanótt, HönnunarMars og fleiri fastar hátíðir í borginni. Áfram verður boðið upp á fjölbreytta safnkennslu og viðburðadagskrá.

## Safneign og varðveisla

Safneignin var í forgrunni sýninga á árinu og samhliða því var unnið jafnt og þétt að forvörslu verka. Forvarsla verka, umbúnaður þeirra og fyrirbyggjandi forvarsla, var eins og alltaf mikilvægur þáttur í starfseminni og atriði sem þarf að leggja enn meiri áherslu á á komandi árum. Umbúnaður verka hefur verið stórbættur í varðveislurýmum á Kjarvalsstöðum, tilfærsla verka bæði þar og í fargeymslum var umfangsmikið verkefni árinu. Nokkuð var um útlán verka á sýningar og var stærsta verkefnið flutningur yfir 150 verka eftir Erró á yfirlitssýningu í ARoS safninu í Árósum. Verkefnið krafðist mikillar skipulagningar og vinnu hvað umbúnað og pökkun varðar og ferðaðist starfsmaður safnsins með og fylgdist með uppsetningu og sá um ástandskoðun verkanna. Talsverð umsýsla var með flutningi listaverka; undirbúningur vegna flutnings til Svartfjallalands og flutningur á sýningunni *Norður og niður* til Svíþjóðar.

Unnið var að viðhaldi útilistaverka og var stærsta einstaka verkefni ársins lagfæring á verkinu *Íslandsviti* sem stendur á Sandskeiði þar sem lagfærðar voru undirstöður og ljósabúnaðurinn. *Hafmey* eftir Guðmund frá Miðdal var reist aftur við Vesturbæjarlaug og *Kona að strokka* eftir Ásmund Sveinsson var sett upp í Dalabyggð en verkið er þar í langtímaláni.

---

# Markaðs- og kynningarstarf

Kynning og markaðssetning á Listasafni Reykjavíkur hefur það að markmiði að safnið sé sjálfsagður og ákjósanlegur viðkomustaður jafnt borgarbúa sem gesta borgarinnar, innlendra sem erlendra. Safnið starfar í þremur ólíkum safnhúsum og á árinu voru settar upp 15 myndlistarsýningar auk þess sem boðið var upp á á þriðja hundrað fjölbreyttra viðburða af ólíkum toga fyrir börn og fullorðna. Kynning á sýningum og viðburðum fór fram í gegnum fréttatilkynningar, fréttabréf safnsins, fjölmiðlaumfjöllun, samfélagsmiðlafærslur og auglýsingar. Sérstakt átak var gert í notkun samfélagsmiðla með það að markmiði að víkka út þann hóp sem fær efni og upplýsingar frá Listasafni Reykjavíkur og tekur eftir starfsemi þess.

Í tilefni þess að 50 ár voru frá vígslu Kjarvalsstaða var unnið sérhannað markaðsefni tengt þessum tímamótum og þeim sýningum sem settar voru upp af því tilefni.

Á árinu var unnið að nýrri vefsíðu fyrir safnið í samstarfi við ÞON. Mikil vinna hefur verið lögð í verkefnið og standa væntingar til þess að síðan stórbæti aðgengi og notkunarmöguleika þegar kemur að miðlun efnis og upplýsinga.

---

# Fjármál og rekstur

## Fjármál og rekstur

Sjálfsafla fé sem hlutfall af rekstarfé safnsins eykst nú aftur eftir heimsfaraldurinn og rekstaráætlanir í samræmi við það. Erlendum ferðamönnum fjölgar jafnt og þétt og hefur það mikil áhrif á tekjumöguleika safnsins. Sjálfaflafé sem hluta af rekstarfé safnsins er nú svipað og fyrir tekjuhrun sem fylgdi fækkun ferðamanna 2020 og 2021.

Við upphaflega fjárhagsáætlunargerð var gerð krafa um 1% hagræðingu á launalið auk þess sem ekki fengust verðbætur á annan rekstrarkostnað og boðað hefur verið að hagræða þurfi í rekstri næstu fimm ár. Reglulegur niðurskurður fram- laga hefur áhrif á þjónustu og gæði þess starfs sem unnið er á safninu. Haggræðingarkrafa birtist einkum í fækkun leiðsagna fyrir almenning og móttöku skólahópa en var jafn- framt mætt með áætlun um auknar tekjur s.s. af aðgangseyri og styrkjum. Þegar búið var að leggja fram starfs- og fjár- hagsáætlun kom önnur krafa um 1% hagræðingu. Í ljósi þess að búið var að fara inn í reksturinn og skera þar niður eins og unnt er var viðbótarkröfu mætt með því að fella niður eða fresta þremur sýningum.

Rekstur safnsins er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði heldur uppi því menningarstarfi sem safnið stendur fyrir. Fjármunir safnsins eru nýttir til hins ýtrasta og eru hættumerki á lofti þegar horft er til árlegrar hagræðingar og fjölda þeirra stöðugilda sem standa að baki starfseminni. Á sama hátt blasir við að safnið er komið að þolmörkum þegar horft er til nauðsynlegs búnaðar til að sýna og kynna samtímamyndlist.

<b>Tekjur</b>	
Rekstrartekur	-160.798

<b>Gjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld	300.787
Innri leiga	191.065
Annar rekstrarkostnaður	212.567


**Rekstrarniðurstaða 543.621**

### Starfsmannafjöldi 2023


Fjöldi starfsmanna	48
Fjöldi stöðugilda	26,5

### Rekstur Listasafns Reykjavíkur

Sjálfafli fé/tekjur	160.798
Framlag	543.621
Reykjavíkurborgar	




### Kostnaður við rekstur stofnunar pr. gest




### Skipting tekna

Aðgangseyrir	46%
Vörusala	25%
Styrkir	16%
Leiga á aðstöðu	9%
Annað	5%




### Sértekjur sem hlutfall af ramma



### Skipting gjalda

Laun	43%
Annar kostnaður	28%
Innri leiga	27%
Listaverkakaup	3%



### Listasafn Reykjavíkur – Lykiltölur

	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Rauntölur 2022	Rauntölur 2023	Markmið 2024
Gestafjöldi - heildartala	227.119	138.815	153.945	238.006	254.387	240.000
- Hafnarhús	100.597	58.501	60.949	100.595	121.539	120.000
- Kjarvalsstaðir	101.982	70.284	79.159	118.809	111.891	100.000
- Ásmundarsafn	24.540	10.030	13.837	18.602	20.957	20.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	364	395	365	445	469	600
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	8.670	8.590	9.760	11.360	9.613	9.000
Fjöldi viðburða	221	118	202	193	185	160
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	2	1	3	3	4
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	158.019	135.880	211.466	465.371	513.693	540.000
Útlán listaverka	460	484	494	501	475	495
Fjöldi útgáfuverka	17	16	16	18	13	15
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.193	17.237	17.267	17.306	17.326	17.350
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	184	184	186	188	191	191

---

# Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhús 2023

---

**13.10.2022–  
05.02.2023**

**Norður og niður: Samtímalist við Norður Atlandshafið** (frá fyrra ári)

Hugmyndir um norðrið hafa tekið stórum og örum breytingum á síðustu árum. Breytingarnar snúa að náttúru, loftslagi, menningu og mannlífi m.a. árhundruða sögu frumbyggja svæðisins. Samsýning með nýjum verkum listamanna frá svæðum Norður-Atlantshafsins ásamt því að gefin var út vegleg sýningarskrá. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Portland Museum of Art í Maine, Bandaríkjunum og Bildmuseet í Umeå, Svíþjóð. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson, Jaime DeSimone og Anders Jansson

**20.10.2022–  
15.01.2023**

**Sigurður Guðjónsson – Leiðni** (frá fyrra ári)

Sigurður Guðjónsson er fulltrúi íslenska skálans á Feneyjatvíæringnum 2022. Hann er þekktur fyrir magnþrungin vídeóverk þar sem mynd, hljóð og rými mynda órofa heild. Á sýningunni *Leiðni* gafst færi á að kynnast svipmikilli vídd listsköpunar Sigurðar. Sýnd voru sex nýleg verk m.a. úr safneign, sem og glæný innsetning. Sýningarstjórn: Mónica Bello

**20.10.2022–  
28.03.2023**

**Erró – Fríhendis** (frá fyrra ári)

Á þessari örsýningu á stigapalli á 3. hæð var stefnt saman nokkrum af fyrstu verkum Errós, þar sem fríhendis lína og form eru í forgrunni. Sýningarstjórn: Becky Elisabeth Forsythe

**28.01.2023–  
31.12.2023**

**Erró – Skörp skæri**

Með því að safna, klippa, líma og síðan mála blandar Erró frjállega saman sjónrænu efni og tilvísunum sem umbreytist í kraftmikil og sláandi listaverk. Með þessu gefur hann nýja merkingu þeim aragrúa mynda sem nálgast má í fréttum, alþjóðlegum miðlum og hversdagslífi nútímamannsins. Á sýningunni má rekja tryggð Errós við samklippið, sem leið til að skapa og sem aðferð til að halda áfram að segja óvæntar sögur. Sýningarstjórn: Becky Elisabeth Forsythe

**16.02.2023–  
07.05.2023**

**D47 Logi Leó Gunnarsson – Allt til þessa höfum við ekki skilið það dularmál sem berst frá þessum hljóðgjöfum**

Logi Leó Gunnarsson er 47. listamaðurinn til að sýna í sýningarröð Listasafns Reykjavíkur í D-sal þar sem ungum og upprennandi myndlistarmönnum er boðið að sýna í fyrsta sinn á einkasýningu í opinberu safni. Sýningin samanstóð af hljóðmerkjum sem hanga á ljósastaurum við

---

gatnamót til þess gerð að stýra umferð gangandi vegfarenda, einkum sjóndöprum. Hljóðin blandast saman og skapa eins konar tónverk.  
Sýningarstjórn: Þorsteinn Freyr Fjölhnsson

**16.02.2023–  
07.05.2023**

**Kviksjá – Alþjóðleg safneign**

Á sýningunni gafst sjaldgæft tækifæri til að fá innsýn í þann hluta safneignar Listasafns Reykjavíkur sem tileinkaður er alþjóðlegri myndlist. Af um sautján þúsund skráðum verkum, skissum og öðrum safnkosti eru tæplega eitt þúsund eftir alþjóðlega listamenn. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrússon

**18.05.2023–  
29.05.2023**

**Kviksjá – Íslensk myndlist á 21. öld**

Verkin gefa innsýn inn í þá breidd og þær áherslur sem hafa verið að mótast og gerjast í íslensku listalífi frá aldamótum. Valin voru verk úr safneigninni og ætíð til sýnis eitt listaverk fyrir hvert ár 21. aldarinnar. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrússon

**10.06.2023–  
07.10.2023**

**D48 Dýrfinna Benita Basalan: Langavitleysan – Chronic Pain**

Dýrfinna Benita varpaði fram spurningum um sameiginlegt minni og hversdagsleikann í sinni látlausu og jafnframt átakanlegu mynd. Innsetningin var innblásin af æskustöðvum listamannsins í Breiðholti. Sýndar voru teikningar, einskona gluggar inn í heim listamannsins; heim fjölskyldu hennar og annarra filippseyskra innflytjenda í Breiðholti. Sýningarstjórn: Aldís Snorradóttir

**15.06.2023–  
20.08.2023**

**D49 Helena Margrét Jónsdóttir – Alveg eins og alvöru**

Helena Margrét vinnur með sígilda eiginleika málverksins og líkir eftir raunveruleikanum. Á sýningunni voru málverk af fyrirbærum sem hún finnur ýmist í umhverfinu eða hinum stafræna heimi, eins konar töfraraunsæi. Sýningarstjórn: Björk Hrafnadóttir

**26.10.2023–  
11.01.2024**

**D50 Klāvs Liepiņš & Renāte Feizaka – Vítahringur**

Hér vakti listamannatvíeykið Klāvs Liepiņš og Renāte Feizaka máls á siðferðilegu og andlega eftirliti sem er alltaf til staðar og er ætlað að halda okkur í skefjum. Þau vörpuðu fram hugleiðingum um hvort bresti séu í innviðum sem fullnýta, framleiða, hámarka og bjaga öll gildi. Sýningarstjórn: Becky Forsythe

---

# Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir 2023

- 
- 01.10.2022–  
02.01.2023** **Guðjón Ketilsson: Jæja** (frá fyrra ári)  
Sýningin er sjötta yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur þar sem horft er á feril starfandi listamanns með sýningu og veglegri bókaútgáfu. Guðjón Ketilsson kemur auga á hluti sem hann gefur gildi með því að taka þá til handargagns og sýna okkur í nýju samhengi jafnt í teikningum, skúlptúrum og ljósmyndum. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson
- 24.09.2022–  
26.02.2023** **Jóhannes S. Kjarval: Fyrstu snjóar** (frá fyrra ári)  
Kjarval (1885–1972) á sýningunni voru lykilverk úr safneign Listasafns Reykjavíkur sem endurspeglar fjölbreytt lífsverk hans og sýn á náttúru landsins. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir
- 14.01.2023–  
12.03.2023** **Hildur Hákonardóttir: Rauður þráður**  
Rauður þráður var yfirlitssýning á verkum myndlistarkonunnar Hildar Hákonardóttur. Hún hefur á löngum starfsferli sínum tekið á málefnum samtíma síns og kynjapólitík og nýtt til þess fjölbreytta miðla, þó mest vefnað. Sýningin var unnin sem hluti af rannsókn Listasafns Reykjavíkur á hlut kvenna í íslenskri myndlistarsögu, sú fyrsta af þremur. Sýningarstjórn: Sigrún Inga Hrólfsdóttir
- 25.03.2023–  
07.08.2023** **Kviksjá – Íslensk myndlist á 20. öld**  
Sýningin var haldin til að fanga því að 50 ár eru liðin frá því Kjarvalsstaðir voru opnaði og Listasafn Reykjavíkur eignaðist sinn fyrsta samastað. Sýningin var umfangsmikil og í báðum sölum Kjarvalsstaða. Sýnd voru verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur og einstakt tækifæri til að kynnast þróun íslenskrar myndlistar á 20. öld. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir, Markús Þór Andrésson og Ólöf Kristín Sigurðardóttir
- 19.08.2023–  
29.10.2023** **Myndlistin okkar**  
Hvert er eftirlætis listaverkið þitt í safni Listasafns Reykjavíkur? Blásið var til kosningaleiks þar sem fólki gafst tækifæri til þess að velja listaverk úr safneign Listasafns Reykjavíkur á sýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin var opnuð á Menningarnótt voru þau verk sem hlutu flest atkvæði almennings til sýnis. Sýningarstjórn og verkaval er algerlega úr höndum safnsins og fjöldi verka ræðst af plássi í salnum. Úrvalið er fjölbreytt og áhugaverð blanda af listsköpun frá ólíkum tímum. Sýningarstjórn: Almennigur

---

### **Myndlistin okkar – 1 til 5**

Í sérstöku rými innan sýningarinnar Myndlistin okkar bauð safnið samstarfsaðilum sínum og fastagestum gegnum árin að velja saman verk eftir eigin höfði. Smásýningarnar stóðu aðeins rúma viku í senn og dreifðust yfir sýningartímabilið. Sýningarstjórn: Klambrar bistro, Bræðurnir Baldursson, Hlutverkasetur, Íslenski dansflokkurinn og nemendur í Víkurskóla

**09.09.2023–  
31.12.2024**

### **Kjarval og 20. öldin: Þegar nútíminn lagði að**

Á sýningunni getur að líta myndlistarverk íslenskra listamanna frá aldamótin 1900 og til 1972 eða það tímabil sem Kjarval var starfandi. Sýningin speglar þróun í verkum Kjarvals í verkum samtíðarmanna hans sést hvernig myndlistin tekur breytingum og þróast. Framan af ríkti rómantísk náttúrusýn en fljótlega voru stigin skref í þá átt að brjóta upp natúralískt myndmál. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir

**18.11.2023–  
29.02.2024**

### **Hekla Dögg Jónsdóttir: 0° 0° Núlleyja**

Hekla Dögg er sjöundi listamaðurinn valinn til þátttöku í sýningaröð Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi. Hún vinnur í fjölbreytta miðla og beinir sjónum áhorfenda að grunnlögmálum náttúrunnar, stað og stund um leið og hún teygir á hugmyndum okkar um „hér og nú“. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson

---

# Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Ásmundarsafn 2023

**10.09.2022–  
22.01.2023**

---

## **Unndór Egill Jónsson og Ásmundur Sveinsson: Eftir stórhriðina**

(frá fyrra ári)

Á sýningunni mætast myndhöggvarar tveggja tíma í samtali sem veitir nýja sín á arfleifð Ásmundar Sveinssonar ásamt því að kynna fyrir gestum ný verk starfandi listamanns. Báðir eru Ásmundur og Unndór fagmenn á sínu sviði, miklir handverks- og hugsjónamenn þegar kemur að náttúruvernd. Sýningarstjórn: Aldís Snorradóttir og Edda Halldórsdóttir

**03.02.2023–  
07.05.2023**

## **Sigga Björg og Ásmundur Sveinsson: Andardráttur á glugga**

Heimur trölla, álfa, drauga og annarra kynjavera opnast á sýningunni Andardráttur á glugga. Hér mætir sagnaarfurinn í verkum Ásmundar hugmyndaríkum hugmyndaríkum teikningum Siggu Bjargar en á þessari sýningu vann hún meðal annars nýja myndröð út frá íslenskum þjóðsögum. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson

**20.05.2023–  
04.02.2024**

## **Mentor: Ásmundur Sveinsson og Carl Milles**

Í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá opnun Ásmundarsafns var til til litið til baka og verk Ásmundar skoðuð í samtali við verk hans helsta læri-meistara, Carls Milles (1875–1955). Milles var einn fremsti myndhöggvari Svíþjóðar á 20. öld og hafði mikil áhrif á feril Ásmundar sem sagði sjálfur að Milles hefði lokið upp fyrir honum formheimi listarinnar. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir og Sigurður Trausti Traustason

---

# Sýningar Listasafns Reykjavíkur, erlendis 2023

---

**01.04.2023–  
03.09.2023**

**ARoS-safnið, Árósum í Danmörku, Erró – The Power of Images**

Erró – The Power of Images has been created in a Nordic, inter-institutional collaboration with Reykjavík Art Museum. The exhibition is produced by Reykjavík Art Museum and planned in collaboration with AROS Aarhus Art Museum. The ambition of the exhibition is to create the largest exhibition on Erró Denmark to date, and thereby present his impressive oeuvre to the Danish public. It will be the first opportunity for international audiences to see the vast outputs of Erró's feverish pop-culture commentaries. The exhibition Erró - The Power of Images shows the power of the collage technique in a variety of works, from small paper cut-outs to large-scale paintings. The exhibition shows Erró's artistic process that has been continuously renewed and enriched. His oeuvre ranges from art and film to comics, science and technology, history and politics, advertising, and propaganda. Sýningarstjórn: Danielle Kvaran og Gunnar Kvaran

**26.05.2023–  
14.01.2023**

**Bildmuseet, Umeå í Svíþjóð, Norður og niður:  
Samtímalist við Norður Atlandshafið**

Hugmyndir um norðrið hafa tekið stórum og örum breytingum á síðustu árum. Breytingarnar snúa að náttúru, loftslagi, menningu og mannlífi m.a. árhundruða sögu frumbyggja svæðisins. Ný verk listamanna frá svæðum Norður-Atlantshafsins eru sýnd saman á þessari viðamiklu sýningu ásamt því að gefin er út vegleg sýningarskrá. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Portland Museum of Art í Maine, Bandaríkjunum og Bildmuseet í Umeå, Svíþjóð. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson, Jaime DeSimone og Anders Jansson.

---

# Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2023

---

Alls voru skipulagðir 176 viðburðir árið 2023

## **Börn og fjölskyldur**

Leikum að list – barna og fjölskylduviðburðir (14 skipti, janúar–desember)  
Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (smiðjur og námskeið, febrúar)  
Þjóðsögur á þriðjudögum (12 skipti, feb–maí)  
Barnamenningarhátíð (smiðjur, námskeið og sýningar, apríl)  
Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur (smiðjur og námskeið, október)  
Sumarnámskeið fyrir börn (2 skipti, júní)  
Viðey-Friðey – sumarnámskeið í samstarfi við Borgarsögusafn (4 skipti, júní)  
Hrekkjavaka í Ásmundarsafni (október)  
Jólaborgin (desember)

## **Inngilding**

Listin talar tungum – fjölmennningarverkefni (11 skipti, janúar–desember)  
Sérhópar (34 hópar á vegum mannræktar og sjálfsræktar, jan–des)  
Listir, hugarefling og vellíðan: Hittumst á safninu. Dagþjálfun heilablaðra (25 hópar, janúar–maí)  
Tónleikaröð f. geðfatlaða – Töframáttur tónlistar (2 skipti, febrúar, mars)  
Kvöldganga á pólsku (júní)  
Jólin tala tungum – fjölmennningarverkefni (2 skipti, desember)

## **Almennir gestir**

Daglegar örleiðsagnir í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum kl 14:00  
Leiðsagnir um sýningar – hádegi, helgar, kvöld (32 skipti, janúar–desember)  
Safnanótt á Vetrarhátíð (leiðsagnir og uppákomur, febrúar)  
Umræðuþræðir – fyrirlestrar alþjl. sérfræðinga (1 skipti í apríl)  
Málþing og ráðstefnur (3 skipti jan–des)  
Alþjl. Safnadagurinn (maí)  
Sumardagurinn fyrsti - Fyssa gangsett (apríl)  
Kvöldgöngur menningarstofnana (4 skipti, júní–ágúst)  
Menningarnótt (leiðsagnir og uppákomur, ágúst)  
Hugrækt í hádeginu (3 skipti sept–des)  
Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono (október)  
Er þetta list? Sérnámskeið f. almenning (2 skipti, september, nóvember)

## **Samstarfs- verkefni**

Gleym mér ey, tónleikaröð LHÍ ( 10 skipti jan–des)  
Hönnunarmars (gestasýningar, maí)  
Hádegistónleikar. Hitt húsið. Klassík – tangó (3 skipti, september)  
Sequences real time arts fesival (október)  
Iceland Airwaves (nóvember)  
Aðrir tónleikar, gjörningar og gestauppákomur (10 skipti jan–sept)

---

# Safnfræðsla Listasafns Reykjavíkur 2023

---

Alls var tekið á móti 8.600 börnum í skipulögðum skólaheimsóknum með leiðsögn safnkennara

## Fyrir leikskóla

Tekið á móti skólahópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningar er skólum að kostnaðarlausu.

Í öllum safnhúsum eru smiðjur þar sem aðstaða er til að vinna létt verkefni í tengslum við yfirstandandi sýningar í fylgd safnkennara.

Árið 2023 var tekið á móti 26 hópum frá leikskólum.

## Fyrir grunnskóla

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Heimsókn í söfnin tekur eina til tvær klukkustundir og er skólunum að kostnaðarlausu. Flestar sýningar safnsins gefa tilefni til vinnu með nemendum en lögð er sérstök áhersla á verkefni um Ásmund Sveinsson, Erró og Kjarval og fá eftirtaldir hópar í grunnskólum Reykjavíkur ókeypis rútuferðir til og frá skóla.

4. bekkur – Ásmundarsafn: Ásmundur Sveinsson

6. bekkur – Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval

8.–10. bekkur – Hafnarhús: Erró

Í höggmyndagarðinum Perlufestinni í Hljómskálagarðinum sem var opn-  
aður árið 2014 til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar  
er boðið upp á leiðsagnir og verkefni.

Árið 2023 var tekið á móti 141 hóp frá grunnskólum.

## Flökku- sýningar

Grunnskólum stendur til boða að fá tvær flökkusýningar til láns í skólann  
í 2–3 vikur í senn ásamt vönduðum fræðsluverkefnum og kynningu  
á mögulegri notkun sýninga og verkefna. Fræðsluverkefni eru unnin  
af kennurum með bakgrunn í myndlist og listfræði og verkefni tengd  
námskrám. Flökkusýningarnar eru í sérhönnuðum kistum á hjólum og  
eru færanlegar milli rýma. Hver sýning er í tveimur kistum sem raðast  
saman í u.þ.b. 10 metra sýningarrými og rúma um 8–12 listaverk sem eru  
öll úr safneign Listasafns Reykjavíkur.

Árið 2023 stóðu grunnskólum til boða þrjár flökkusýningar, Umhverfi,  
Heima og ný sýning á verkum Errós.

---

**Fyrir fram-  
haldsskóla**

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16.  
Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Árið 2023 var tekið á móti 71 hóp frá framhaldsskólum.

**Fyrir háskóla**

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16.  
Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Sérstaklega tekið á móti kennaranemum og nemum í uppeldis- og kennslufræði og þeim kynnt hvernig þeir geta nýtt safnið þegar þeir hefja störf. Safnið er í samstarfi við Listaháskólann um útskriftarsýninguna og í aðdragandanum fá nemendur kynningu á því starfi sem fram fer í stofnuninni.

Listasafnið tekur á móti háskólahópum í „vísindaferðir“ eftir samkomulagi.

Árið 2023 var tekið á móti 27 hópum frá háskólum.

**Fyrir  
kennara**

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar og þar sem boðið er upp á leiðsögn um valdar sýningar fyrir þá sem vilja forvitnast um hvað er að gerast í samtímalist.